38. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 brúttó-rúmlestir, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, né flytja sig til á höfninni nema undir stjórn hafnsögumanns, með þeim undantekningum, sem að framan greinir.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af brúttórúmlest, fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá henni:

Fyrir	skip	frá	30	til	200	brúttórúmlestir	kr.	415	inn og 275 út
—	—	—	200	—	300	—	—	555	— — 415 —
—	—	—	300	—	500	—	—	695	— — 555 —
—	—	—	500	—	1000	—	—	830	— — 695 —
—	—	—	1000	brúttósmál.	og yfir		—	1110	— — 830 —

Taxti þessi gildir jafnt sumar og vetur.

40. gr.

Hinn lögskipaði leiðsögumaður skipa í Stykkishólmi skal annast þessa hafnsögu og rennur hafnsögugjaldið til hans, en sjálfur sér hann sér fyrir farkosti til og frá skipi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 28. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

28. marz 1969. Nr. 92.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. **Vogarlóð:**

Þyngd:	1 g—20 g	kr.	5.00
—	50 g—200 g	—	8.00
—	½ kg—2 kg	—	15.00
—	5 kg—20 kg	—	25.00
—	50 kg	—	75.00
—	4—8 oz	—	9.00
—	1—2 lbs	—	15.00
—	5—7 lbs	—	20.00

2. **Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:**

Burðarþol: Allar stærðir	—	400.00

3. **Jafnarma vogir:**

Burðarþol: Allar stærðir	—	150.00

4. **Reyzlur án mundangs:**

Burðarþol: Allar stærðir	—	150.00

5. **Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:**

Burðarþol: 10— 100 kg	—	200.00
— 150— 500 kg	—	330.00
— 600— 2000 kg	—	550.00
— 3000—30000 kg	—	1 500.00

6. **Vísavogir:**

Burðarþol: 1— 5 kg	—	200.00
— 10— 25 kg	—	300.00
— 50— 200 kg	—	400.00
— 300— 500 kg	—	600.00
— 1000— 5000 kg	—	800.00
— 10000—30000 kg	—	1 500.00
— Yfir 30000 kg	—	2 000.00

7. **Kvarðar og málmbönd:**

Lengd: ½ m—1 m	—	20.00
— Stálmálmbönd allt að 50 m	—	200.00
— Mælivélar fyrir lengdarmál	—	400.00

8. **Mæliker:**

Rúmtak: 1 dl—2 dl	—	20.00
— ½ l—2 l	—	30.00
— 10 l—50 l	—	50.00
— Vínmælar (veltimælar og kúlumælar) 3—6 cl	—	20.00

9. **Rennslismælar og benzínmælar fyrir olíur og benzín:**

Rennslismælar	—	150.00
Benzínmælar	—	90.00

2. gr.

Eftirlitsgjald (skoðunargjald af vogum).

1. **Vogir:**

Burðarþol: 1—200 kg	kr.	60.00
— 250—600 kg	—	150.00
— Yfir 600 kg	—	250.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni, reiknast auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta

hennar yfir selda vinnu. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund. Auk þess reiknast iðgjöld af vátryggingum á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogarahöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 98 1. júní 1964, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

28. marz 1969. Nr. 93.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 28. marz 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Guðmanni Geirssyni með arfleiðslubréfi dags. 5. apríl 1965, sem staðfest hefur verið með opinberri innköllun. Að liðnum innköllunarfresti hafði enginn gert tilkall til arfs eða skuldar í dánarbúið.

Hjónin Jón Guðmann Geirsson og Gróa Gísladóttir voru bæði Árnesingar að ætt. Jón Guðmann var fæddur á Reykjanesi í Grímsneshreppi 4. júlí 1885, dáinn 2. sept. 1966. Gróa var fædd í Arakoti í Skeiðahreppi 23. maí 1877, dáin 3. júní 1950. Þau bjuggu í Örnólfsdal í Þverárhlíðarhreppi frá 1912—1943. Jón Guðmann átti síðast heimili á Sjónarhóli 2 í Stokkseyrarhreppi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eigur Jóns Guðmanns Geirssonar. Sjóðurinn nemur nú, að viðbættum vöxtum frá dánardegi, um 250 þúsund krónum.

4. gr.

Starfssvið sjóðsins er Þverárhlíðarhreppur í Mýrasýslu. Skal sjóðnum varið bændum hreppsins til aðstoðar í harðindaárum, eða erfiðum árum um heyöflun, með stofnun fóðurbirgðastöðvar eða á hvern þann annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegast á hverjum tíma, enda séu þær ráðstafanir í samræmi við aðal tilgang stofnanda sjóðsins.